

11. fundur framkvæmdaráðs Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn á Hótel Rangá, Rangárþingi-ytra, 8. maí 2008 kl. 09:00

Mætt voru:

Friðrik Pálsson, Elliði Vignisson, Hörður Sigurgestsson, Jóna Sigurbjartsdóttir og Snorri Finnlaugsson. Einnig mættu starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands á fundinn: Sædís Íva Elíasdóttir, Steingerður Hreinsdóttir og Hrafn Sævaldsson, sem ritaði fundargerð.

Berglind Hallgrímsdóttir boðaði forföll

Setning fundar. Formaður framkvæmdaráðs setti fundinn.

1. Verkefni til afgreiðslu:

1.1. Samþætting rannsóknarverkefna á humri, aukin arðsemi fyrirtækja með rannsóknum (humarklasi): Verkefnið flokkast undir Sjávarútvegs- og matvælaklasa, það snýr að samþættingu vinnu á 6 rannsóknarverkefnum sem hafa þegar verið skilgreind og fjármögnuð, auk þess sem til stendur að halda ráðstefnu um humarrannsóknir á Íslandi. Sótt er um 500.00 kr. fjárframlag, framkvæmdaráð samþykkir að styrkja verkefnið um þá upphæð. Styrkurinn tekur til verkþátta 3 og 4 í áætlun um tíma og kostnað. Verkefnið er samstarfsverkefni Humarklasans, Vaxtarsamnings Austurlands og VSSV. Verkefnið er fyrsta verkefnið sem vaxtarsamningar á Íslandi vinna að í sameiningu og styðja sameiginlega.

1.2. Frekari nýting lundaafurða: Verkefnið fellur undir sjávarútvegs- og matvælaklasa, aðilar að klasanum eru 6 talsins, en gert er ráð fyrir að fleiri aðilar verði fengnir klasanum. Verkefnið gengur út á að auka verðmæti og nýtingu lundaafurða með samstarfi klasans, verður það gert m.a. með rannsóknum, vöruþróun og markaðssetningu. Sótt er um 2,2 mkr. fjárframlag, framkvæmdaráð samþykkir að styrkja verkefnið að upphæð 1,5 mkr., með fyrirvara um og gegn því að verkefnisstjóri skili inn verk- og kostnaðaráætlun sem APS samþykkir. Einnig óskar framkvæmdaráð eftir undirskrifaðri samstarfsyfirlýsingu allra aðila klasans. Starfsmenn APS munu veita umsækjendum handleiðslu við gerð áætlana.

2. Ársskýrsla VSSV 2007

Starfsfólk APS kynnti drög að ársskýrslu 2007. Umræður sköpuðust um efni hennar. Ákveðið var að starfsmenn APS vinni áfram að skýrslunni og að þeir kanni verð á umbroti og útgáfu á skýrslunni.

3. Ársreikningur 2007

Framkvæmdastjóri APS lagði fram drög að ársreikningi og fór yfir efni hans. Framkvæmdaráð samþykkti ársreikninginn og undirritaði hann. Ársreikningurinn verður lagður fyrir stjórn samningsins til staðfestingar.

4. Framgangur verkefnisins

Umræður sköpuðust um verkefni sem unnin hafa verið, hvaða árangur hefur náðst og hvert samningurinn stefnir. Farið var yfir framlög til verkefnisins, bæði vinnuframlag og fjárframlög. Framkvæmdaráð felur framkvæmdastjóra APS að hafa samband við þá aðila samningsins, sem lofað hafa vinnuframlagi til samningsins og fá hugmyndir frá þeim um hvernig þeir geti unnið það framlag í þágu samningsins.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:00

Friðrik Pálsson

Elliði Vignisson

Hörður Sigurgestsson

Jóna Sigurbjartsdóttir

Snorri Flinnlaugsson

Sædís Íva Elíasdóttir

Steingerður Hreinsdóttir

Hrafn Sævaldsson